

Nr. 582

19. júní 2015

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarféluginu Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss á fundi sínum 30. apríl 2015 samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og umhverfisskýrslu. Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga. Athugasemda fresti lauk 1. apríl 2015. Engar athugasemdir bárust á kynningar-tímanum:

Deiliskipulag fyrir heimaland Efstalands, Ölfusi.

Deiliskipulagið nær yfir um 5 ha svæðis úr landi Efstalands sem skilgreint er sem íbúðarsvæði (15) í gildandi aðalskipulagi. Byggingareitir eru A, B, C og D. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Aðkoma að skikanum er frá Hvammsvegi nr. 374 og um aðkomuveg innan deiliskiplagsins sem er á forræði landeigenda.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 19. júní 2015.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. júlí 2015